

## **Reglur Flóahrepps um niðurgreiðslu daggæslu barna í heimahúsum**

1. gr.

Réttur til niðurgreiðslu

Rétt til niðurgreiðslu vegna vistunar hjá dagforeldrum eiga foreldrar með lögheimili í Flóahreppi sem ekki fá pláss fyrir börn sín í leikskólanum Krakkaborg.

Réttur til niðurgreiðslu gildir að hámarki frá því að fæðingarorlofi lýkur samanber lög nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof og þar til barni er boðin dvöl í leikskólanum Krakkaborg. Daggæsla er niðurgreidd allt að 11 mánuði á ári. Ekki er greitt niður með börnum af leikskóllum sem dvelja í daggæslu yfir sumartímann.

Reglur Flóahrepps um systkinaafslætti gilda ekki nema fyrir börn sem eru með vistun í Krakkaborg.

2. gr.

Skilyrði fyrir niðurgreiðslu

Forsjáforeldri og barn þarf að eiga lögheimili í Flóahreppi.

Forsjáforeldri sækir um niðurgreiðslu á til þess gerðum umsóknareyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu Flóahrepps eða á skrifstofu sveitarfélagsins.

Umsókn um niðurgreiðslu skal endurnýja fyrir 1. ágúst ár hvert eða ef hlé verður á gæslu.

Dagforeldri þarf að hafa tilskilin leyfi yfirvalda til daggæslu á heimili sínu.

Forsjáforeldri er ekki í fæðingarorlofi og fær ekki vistun fyrir barnið á leikskólanum Krakkaborg.

Kvittun frá viðkomandi dagforeldri þarf að liggja fyrir undangengin mánuð.

3. gr.

Fjárhæð niðurgreðslu

Fjárhæð niðurgreiðslu miðast við vistunartíma barns og greiðist foreldri til lækkunar vistunargjalds hjá dagforeldri.

Hámarksendurgreiðsla er sem hér segir:

- Fyrir fjögurra tíma vistun 13.000 kr.
- Fyrir fimm tíma vistun 16.000 kr.
- Fyrir sex tíma vistun 19.000 kr.
- Fyrir sjö tíma vistun 22.000 kr.
- Fyrir átta tíma vistun og meira 25.000 kr.

4. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimið í 42. gr. reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005.

Reglurnar taka gildi við samþykkt þeirra. Ekki verða veittar niðurgreiðslur aftur í tímann þó að umsækjandi hafi átt rétt á þeim.

Reglurnar skal endurskoða árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

*Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 3. apríl 2013*